

Ed.

324. Frumvarp til laga

[152. mál]

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun, og er eiganda skylt að sjá um, að slíkt sé tilkynnt váttryggjanda skriflega. Heimilt er þó váttryggjanda að láta mat fara fram, ef eigandi vanrækir tilkynningu.

2. gr.

Á eftir 4. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):
Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og borgarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlæggt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín; greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef borgarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, sem þá fer fram skv. ákvæðum 4. gr., og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni borgarráðs Reykjavíkur, er lætur svofellda greinargerð fylgja:

Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta úr tveim ágöllum, sem þykja á núgildandi lögum um brunatryggingar í Reykjavík.

Um 1. gr.

Þótt af hálfu váttryggjanda sé ekki talinn vafi á því, að húseiganda beri að sjá um, að hús sé tilkynnt til mats, þá er orðalag laganna þannig, að ekki er alveg skýrt, og er lagt til, að tekinn sé af allur vafi. Einnig þykir rétt, að tekið sé fram, að tilkynningin sé skrifleg. Þá er og talið nauðsynlegt að veita váttryggjanda rétt til að taka hús í tryggingu, ef húseigandi vanrækir slíkt.

Um 2. gr.

Mjög óæskilegt verður að teljast, að varið sé fé til meiri háttar viðgerða eða endurbyggingar á húsi, sem annaðhvort stafar eldhætta af eða á að vikja af skipulagsástæðum. Frumvarpið gerið því ráð fyrir, að borgarstjórn geti leyst til sín hús, ef brunatjón verður meira en helmingur matsverðs. Þar sem nokkur hætta er á því, að brunabótamatsverð sé ekki rétt, er háðum aðilum, eiganda og váttryggjanda, veitt heimild til að láta endurmeta hlutaðeigandi hús.

Að öðru leyti virðist frumvarpið ekki þurfa skýringa við.